

Til bæjarráðs Garðabæjar

GEF/06/05/2016
Mál nr. 1601594

Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi

Tækni – og umhverfissvið óskar eftir að bæjarráð veiti framkvæmdarleyfi samkvæmt 1. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 fyrir stíg að Vífilsstaðavatni frá undirgöngum undir Reykjanesbraut meðfram Vatnsmýri, votlendinu við Vífilsstaðalæk/Hraunsholtslæk sunnan Vífilsstaða. Stígurinn tengist þannig stígakerfi Garðabæjar vestan undirganganna. Með stígnum myndast bein tenging við vinsælt útivistarsvæði í kringum Vífilsstaðavatn og er viðbót við útivistarslóða yfir hraunið sem liggur í átt að Vífilsstaðahlíð.

Stígurinn er sýndur á uppdrætti aðalskipulags Garðabæjar 2004 – 2016 en svæðið umhverfis stíginn hefur ekki verið deiliskipulagt.

Varðandi nánari gerð og legu stígsins er vísað til greinargerðar hönnuða.

Stígurinn mun að hluta til liggja í landi Vífilsstaða og liggur fyrir heimild Landspítala fyrir lagningu stígsins.

Umsóknin send til afgreiðslu bæjarráðs.

Umhverfisstjóri